

## Ferð Sólheimasafns til Boston

Ótrúlegt en satt þá varð hugmyndin okkar sem byrjaði sem kaffistofuspjall að veruleika og þ. 7. – 13. mars fóru sjö starfsmenn Sólheimaútibús Borgarbókasafns í kynnisferð til Boston. Stefnan var tekin á *Boston Public Library* sem samanstendur af 26 útibúum, og eru staðsett víðsvegar um borgina.



480 manns vinna í öllum 26 útibúunum en 200 manns verið sagt upp á síðustu 5 árum. Engir sjálfboðaliðar vinna í BPL en í öllum útibúum vinna uppraðarar, sem starfa eingöngu við uppröðun. Rafbókaumræðan er í fullum gangi í bandarískum bókasöfnum en bókaútgefendur eru tregir að vinna með bókasöfnunum, sumir vilja ekki vera með, aðrir selja rafbækurnar dýrt, eins og Random House bókaútgáfan, sem hefur þrefaldað gjöld bókasafnanna og við heyrðum á mörgum að bókasöfnin vilja fara hægt í sakirnar með e-bækurnar.

BPL fær fjármagn sitt frá ríki og borg og á síðustu árum hefur verið 75% niðurskurður á fjármagni frá ríkinu og til stóð að leggja niður nokkur útibú en vegna háværra mótmæla var hætt við það og aðeins eitt útibú hefur verið lagt niður. Bókasafnsskírteini eru ókeypis fyrir íbúa Massachusettsfylkis. Við skoðuðum bæði aðalbókasafnið á Copley Square sem er gullfalleg, gömul bygging og nokkur útibú, og að auki fórum við í heimsókn í *Children's Museum* sem er sjálfstætt safn.

Í *Children's museum* var lögð áhersla á heilsusamlegt lífverni, rétt mataræði og hreyfingu og svo voru þarna ýmsar tilrauna/vinnustofur og ýmiskonar upplifunarstöðvar með líkamanum fyrir börn frá 0-10 ára. Okkur fannst orðið *safn* ekki eiga við þessa starfsemi, heldur meira leik- og uppfinningastaður.

Í aðalsafninu var okkur sagt frá „digitizing on demand“ sem er ný þjónusta við lánþega. Lánþegar geta beðið um að bók verði rafvædd sérstaklega fyrir þá og fá svo bókina senda heim í tölvu. Við

sáum marga starfsmenn vinna við þessa rafvæðingu í steikjandi hita í dimmri kompu og öfunduðum þá ekki af starfanum.

Skemmtilegasta heimsóknin okkar í BPL var í *Charlestown-útibúið*. Þar tók barnabókavörðurinn Melisa á móti okkur og bauð okkur að vera með í sögustund í aldursflokknum 0-3ja ára. Þetta var 40 mín. sögustund, sem var blanda af rím-leikja-söng- og sögustund og minnti mikið á starfsemi leikskólanna á Íslandi. Melisa notaði slæður, bjöllur, handbrúður og loðtöflu, en hún fylgir vinnuöppu sem kallast Mother Goose on the Loose eftir ísraelska konu Diamant Cohen að nafni. Flestar sögustundirnar eru "drop-in" og þá koma mæður og barnfóstrur með börnin og eru þær mjög duglegar við að nota bókasöfnin til að hittast og blanda geði hver við aðra. Það fór ekki fram hjá neinum að Melisa var klippt og skorin í starf sitt sem barnabókavörður. Hún sagði okkur líka frá öllu því sem bókasafnið býður uppá, sem er ekki lítið, legókvöld, bingókvöld, vélmennapema, stjörnufræðipema, prjónakennsla fyrir unglinga, dýrapema m. lifandi dýrum svo eitthvað sé nefnt.

Við sáum að bókasöfnin voru ótrúlega mikið notuð, þau voru að hluta til eins og félagsmiðstöð þar sem íbúar koma til að fræðast um ýmislegt og til að hitta aðra, svo ekki sé minnst á tölvunotkunina, en fólk sat við tölvur frá opnun safnanna til lokunnar. Söfnin sem við heimsóttum áttu það sameiginlegt að vera „vel notuð“, þ.e.a.s. bókakosturinn var oft slitinn og húsgögnin gömul og þreytt. Skandinavíski, ljósi stillinn var víðsfjarri. Mikil dagskrá var í bókasöfnunum, þau minntu okkur oft á tíðum á félagsmiðstöðvar, þar sem allt gat gerst og engin takmörk voru til.

Svona heimsóknir eru mjög gefandi og auk þess að fá innsýn inn í ný söfn, sjáum við einnig okkar söfn og starfsemi í nýju ljósi. Þær segja okkur líka að við erum að vinna gott starf í okkar söfnum og einnig hvað við gætum gert betur. Síðast en ekki síst færa svona ferðalög vinnuhópa saman.

Boston er yndisleg borg, íbúar eru vingjarnlegir og opnir og alltaf tilbúnir að hjálpa villuráfandi útlendingum. Við dvöldum á góðu hóteli (Boston Omni Parker) á besta stað í borginni og gátum valið úr úrvals veitingastöðum að snæða á. Fyrir þá sem hafa gaman af því að versla, þá er Boston einnig þekkt sem góð verslunarborg.

Við vorum þarna í fimm daga en hefðum getað verið mun lengur og séð meira af borginni. En það bíður þangað til næst.

Sigrún J. Kristjánsdóttir  
Sólheimaútibúi Borgarbókasafns,  
11. apríl 2012